



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 2/2025 (nr. 110)

Dagsetning: 20.2. 2025 kl. 15:00-16:50

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Berglind Víktorsdóttir (BV) sem er varamaður fyrir Einar Kristinn Guðfinnsson, Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Sveinn Margeirsson (SM), Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP) og Laufey Haraldsdóttir (LH) Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS) sem ritar fundargerð. Enn vantar fulltrúa nemenda í ráðið.

Dagskrá 110. fundar:

1. Dagskrárrög fundar nr. 110
2. Fundargerð fundar nr. 109
3. Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
4. Uppbygging framtíðarhúsnaðis HH
5. Þekkingargarðar á Sauðárkróki
6. Önnur mál
 - a. Bréf frá íbúum á Hólum
 - b. Kvörtun frá Erni Karlssyni

Afgreiðslur:

1. **Dagskrárrög fundar 110.** Samþykkt.
2. **Fundargerð fundar nr. 109.** Samþykkt.

3. Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH.

Rektor upplýsir um stöðuna á drögum að þríhliða samkomulagi um stofnun háskólasamstæðu. Fram kemur að H.Í. og H.H. eru orðnir sammála um flest meginatriði samningsins en enn er verið að vinna með hvernig farið verður með húsnaðismálin/staðarhaldið. Nokkur umræða skapaðist um drögin að samningnum.

4. Uppbygging framtíðarhúsnaðis HH.

Rektor upplýsir um stöðuna.

Í undirbúningi er alútboð fyrir uppbyggingu á kennslu og rannsóknaaðstöðu á Sauðárkróki (Lagareldishús á Sauðárkróki, 876 fm).



Beiðni frá HVIN og HH að FSRE hefji nú þegar þarfagreiningu og hönnun á nýju sameiginlegu húsnæði Hestafræðideildar og Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum.

Beiðni frá HVIN og HH að FSRE hefji nú þegar þarfagreiningu og frumathugun á fýsileika þess að kaupa Brúnastaði.

5. Þekkingargarðar á Sauðárkróki.

HS gerir grein fyrir vinnu sem farið hefur fram í samstarfi við SSNV við að koma á fót „Þekkingargörðum“ á Sauðárkróki. Hún gerir grein fyrir hvernig hugmyndin kviknaði, að fengist hafi 5 milljón kr styrkur til verkefnisins og hver staðan á því er.

6. Önnur mál

a) Ályktun frá íbúum Hóla og nærsveita.

Háskólaráði hefur borist óundirrituð ályktun frá íbúafundi íbúa á Hólum í Hjaltadal og nærsveitum sem haldinn var 18.janúar 2025.

Í ályktuninni koma fram ýmis sjónarmið fundarmanna og ábendingar um tækifæri til uppbyggingar en einnig um það sem betur mætti fara varðandi viðhald húsa og gatna, sem og þjónusta við íbúa svæðisins. Er sjónum meðal annars beint að því að úrbætur vandamála varðandi þessi atriði hafi liðið fyrir að óljóst sé hver (ríkið eða sveitarfélagið) skuli gera hvað í þeim efnum.

Þar sem ályktunin berst óundirrituð til háskólaráðs, er henni vísað frá.

b) Kvörtun frá Erni Karlssyni

HS upplýsir að kvörtun hafi enn borist til háskólans frá Erni Karlssyni. Málið var rætt og frestað.

Fundi slitið kl. 16:49